



## Fundur í sveitarstjórn

**67. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri fimmtudaginn 29. júní 2017 og hófst kl. 17:00.**

**Mætt voru:** Reynir Atli Jónsson oddviti, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Heiðrún Óladóttir, Karl Ásberg Steinsson, Björn Guðmundur Björnsson, Halldóra Jóhanna Fribergisdóttir, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti minnti fundarmenn á að fundur dagsins væri síðasti fundur fyrir sumarfrí samkvæmt framlögðu fundarplani. Óskaði hann eftir álitum fundarmanna á því hvort gera þyrfti sérstaka bókun vegna sumarfrís sveitarstjórnar. Fundarmenn töldu svo ekki vera.

Oddviti benti einnig á að í sumarleyfinu þyrfti líklega að kalla saman einn aukafund og tjáði fundarmönnum að það yrði gert í nánú samráði við alla kjörna fulltrúa. Síðan var gengið til dagskrár.

### Dagskrá

1. Kjör oddvita og varaoddvita.
2. Fundargerð 296. fundar Eypings, dags. 7. júní 2017.
3. Fundargerð 17. fundar landbúnaðarnefndar, dags. 13. júní 2017.
4. Fundargerð 11. fundar rekstrarnefndar Nausts, dags. 23. júní 2017.
5. Tillaga um sölu á hlutafé í Drekasvæðinu ehf.
6. Umsókn um starfsleyfi fyrir Þórsver, umsögn sveitarfélags.
7. Frístundastyrkur – drög að samþykkt.
8. Ljósleiðarakerfi í dreifbýli Langanesbyggðar.
9. Fjögurra mánaða uppgjör.
10. Skýrsla sveitarstjóra.



## Fundargerð

### 1. Kjör oddvita og varaoddvita

Oddviti lagði fram tillögu um að Þorsteinn Ægir Egilsson yrði kjörinn oddviti. Halldóra Jóhanna lagði til að Siggeir Stefánsson yrði kjörinn.

Þorsteinn Ægir Egilsson fékk fjögur atkvæði, Reynis Atla Jónssonar, Huldu Kristínar Baldursdóttur, Þorsteins Ægis Egilssonar, Heiðrúnar Óladóttur, en Siggeir þrjú atkvæði, Halldóru Jóhönnu, Björns Guðmundar og Karls Ásbergs.

Þorsteinn Ægir Egilsson er því rétt kjörinn oddviti.

Þorsteinn Ægir tók við stjórn fundarins, þakkaði traustið sem sér væri sýnt og þakkaði fráfarandi oddvita og varaoddvita góð störf. Að því loknu lagði oddviti til að Reynir Atli Jónsson yrði kjörinn varaoddviti. Halldóra Jóhanna lagði til að Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir yrði kjörin.

Reynir Atli fékk fjögur atkvæði Reynis Atla Jónssonar, Huldu Kristínar Baldursdóttur, Þorsteins Ægis Egilssonar, Heiðrúnar Óladóttur, en Halldóra Jóhanna þrjú atkvæði, Halldóru Jóhönnu, Björns Guðmundar og Karls Ásbergs.

Reynir Atli Jónsson er því rétt kjörinn varaoddviti.

### 2. Fundargerð 296. fundar Eypings dags. 7. júní 2017

Fundargerðin lögð fram.

Til máls tóku Elías Pétursson, Reynir Atli Jónsson.

### 3. Fundargerð 17. fundar landbúnaðarnefndar, dags. 13. júní 2017

Fundargerðin lögð fram.

### 4. Fundargerð 11. fundar rekstrarnefndar Nausts, dags. 23. júní 2017

Fundargerðin lögð fram.

### 5. Tillaga um sölu á sölu á hlutafé í Drekasvæðinu ehf.

Sveitarstjóri fór yfir málið. Lagt er til að Langanesbyggð selji hlut sinn í félaginu Drekasvæðið ehf. Um langt árabil hefur engin starfsemi verið í félaginu en töluverður kostnaður fallið á sveitarfélagið vegna ársreikningagerðar og endurskoðunar. Vitað er að sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps hefur uppi áform um að selja sinn hlut í félaginu með sambærilegum hætti og hafa sveitarstjórar unnið að málinu í samráði.

Til máls tóku Björn Guðmundur Björnsson, Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir, Elías Pétursson.

**Samþykkt um afgreiðslu:** Sveitarstjóra falið að ganga til samninga um sölu hlutar sveitarfélagsins í Drekasvæðinu ehf. Samningur um sölu verði í framhaldi lagður fyrir sveitarstjórn til samþykktar eða synjunar.



Samþykkt með fjórum atkvæðum. Halldóra Jóhanna, Björn Guðmundur og Karl Ásberg sitja hjá.

## 6. Umsókn um starfsleyfi fyrir Þórsver, umsögn sveitarfélags

Fram er lögð umsókn um starfsleyfi vegna félagsheimilisins Þórsvers. Sýslumaður norðurlands eystra hefur óskað umsagnar sveitarstjórnar um starfsleyfið.

Til máls tók Elías Pétursson.

**Samþykkt um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti framlagða umsókn um starfsleyfi.

Samþykkt samhljóða.

## 7. Frístundastyrkur

Fram eru lögð drög að samþykkt um fyrirkomulag frístundastyrks fyrir Langanesbyggð, drögin eru samin á skrifstofu Langanesbyggðar í framhaldi af 65. fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar.

Oddviti gerði grein fyrir málinu.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir.

**Samþykkt um bókun:** Samþykkt að vísa framlögðum drögum til umfjöllunar í velferðarnefnd.

Samþykkt samhljóða.

## 8. Ljósleiðarakerfi í dreifbýli Langanesbyggðar

Til máls tók Elías Pétursson og fór yfir fram lögð gögn og vísaði til fyrri umræðna um málið. Lagt er til að sveitarstjóra verði heimilað að ganga til samninga við Fjarskiptafélag Svalbarðshrepps ehf. um aðkomu þess félags að lagningu ljósleiðara í dreifbýli vestan Brekknaheiðar og að leitað verði samvinnu við aðra aðila varðandi ljósleiðaravæðingu austan Brekknaheiðar. Langanesbyggð á nú þegar lítinn eignarhlut í Fjarskiptafélagi Svalbarðshrepps.

**Samþykkt um afgreiðslu:** Sveitarstjóra er heimilað að ganga til samninga við Fjarskiptafélag Svalbarðshrepps og leita samstarfs við aðra um ljósleiðaravæðingu austan Brekknaheiðar. Þegar og ef samningar nást þá verða þeir lagðir fyrir sveitarstjórn ásamt ítarlegu kostnaðarmati.

Samþykkt með fjórum atkvæðum. Halldóra Jóhanna, Björn Guðmundur og Karl Ásberg sátu hjá.

Halldóra lagði fram svohljóðandi bókun:

U-listinn leggur mikla áherslu á að ljósleiðaravæðing í Langanesbyggð verði að veruleika og að málinu verði flýtt eins og kostur er og styður þessa framkvæmd.



## 10. Fjögurra mánaða uppgjör sveitarsjóðs

Sveitarstjóri fór yfir helstu þætti óendurskoðaðs fjögurra mánaða uppgjörs sveitarfélagsins. Rekstrarniðurstaða A-hluta er heldur betri en áætlun gerði ráð fyrir en mjög sambærileg niðurstöðu á sama tíma fyrra árs. Rekstrarniðurstaða samstæðu er sömuleiðis eilítið betri en áætlun gerði ráð fyrir, niðurstaða er mun betri en samtímaníðurstaða fyrra árs. Umtalsverð vinna hefur verið lögð í framfylgni fjárhagsáætlunar 2017 og telur sveitarstjóri að ágætlega horfi með árið í heild.

## 11. Skýrsla sveitarstjóra

Að frátöldum þeim verkefnum sem tíunduð eru hér að ofan þá hefur sveitarstjóri undanfarið unnið að og eða tekið þátt í eftirfarandi verkefnum, en ekki er hér um tæmandi lista að ræða heldur tæpt á því helsta. Sveitarstjóri tjáði fundarmönnum að hann myndi hafa þann hátt á að fara yfir einstök mál og í kjölfarið bjóða fundarmönnum að bera fram spurningar.

### *Úrgangs og urðunnarmál*

Starfsleyfi: Hvað varðar starfsleyfi þá er það helst að fréttu að búíð er að leysa úr öðru málinu, þ.e. sem snýr að þurrkhjöllunum. Það var allt unnið í samræmi við umræður og bókanir á sveitarstjórnarfundum. Unnið er að lausn þess máls er snýr að fjarlægð frá byggð, það mál er að mínu mati á lokametrum og lausn fundin. Hún felur það í sér skrifað verður bréf til Umhverfisstofnunar hvar þess er óskað að undanþága verði veitt frá fjarlægðarmörkum, sú undanþága er eins og þið vitið upp á nokkra metra.

Urðun á Vopnafirði: Bréfi Vopnafjarðarhrepps sem barst Langanesbyggð 6. júní sl. var svarað þann 12. júní sl. Í svari Langanesbyggðar var þess óskað að frestur fram að lokun yrði framlengdur um tvo mánuði. Beðið er formlegs svars við bréfinu en sveitarstjóri hefur átt samtöl við sveitarstjóra og kjörna fulltrúa á Vopnafirði vegna málsins. Sveitarstjóri hefur í þeim samtölum komið því skýrt á framfæri hve mikilvægt það er fyrir Langanesbyggð að losun sé möguleg þar til starfsleyfi á Bakkafirði er í höfn. Sveitarstjóri mun ekki trúu því fyrr en hann tekur á því að hinir góðu nágrannar í austri muni ekki veita lengri frest.

### *Samningar við Íslenska Gámafélagið*

Samningur er af hendi sveitarfélagsins klár og hefur sveitarstjóri óskað eftir samningafundi með forsvarsmönnum ÍG. Hef því verið komið því á framfæri við ÍG að sveitarstjóri verði í Reykjavík á mánudaginn og vonar hann að af fundi geti orðið. Ekki ætti að taka langan tíma að ljúka samningum enda málið þraut unnið. Eftir er þó að setja ÍG betur inn í nýjustu hugmyndir sveitarfélagsins um útfærslu á verklagi o.þ.h. sem



samþykkt var á fundi Umhverfis- og skipulagsnefndar þann 13. júní sl. og staðfest á fundi sveitarstjórnar þann 15. júní sl.

*Samskipti við Toppfisk, - fyrirspurn frá U-lista*

Sveitarstjóra er ekki að fullu ljóst til hvað samskipta er vísað í sendri fyrirspurn U-lista sem barst honum í gærkvöldi, mun hann því fara lauslega yfir þau samskipti sem hafa verið undanfarið. Toppfiski ehf. var eins og Halldóri Fiskvinnslu ehf. sent bréf í kjölfar síðast fundar sveitarstjórnar hvar fyrirtækinu var tilkynnt að ekki væri gerlegt að þurrka fisk í hjöllum þeim sem fyrirtækið á á Bakkafirði og eru í næsta nágrenni við urðunnarstaðinn. Um tilefni þeirra bréfa er vísað til umræðu á síðustu tveimur fundum sveitarstjórnar.

Í kjölfar bréfsins þá barst sveitarstjóra tölvupóstur frá framkvæmdastjóra Toppfisks þar sem bréfi sveitarfélagsins var mótmælt og vísað til samkomulags félagsins og sveitarfélagsins um hjallana. Þeim pósti var svarað annarsvegar með ósk um að fá umrætt samkomulag og hins vegar ítrekun á áður fram settum vilja sveitarfélagsins til að finna nýjan stað fyrir hjallana í samvinnu við félagið.

Einhverjum dögum seinna barst póstur frá framkvæmdastjóra Toppfisks ehf. hvar spurt var hvort sveitarfélagið væri búíð að finna nýja stað fyrir hjallana. Ítrekað að mikil þörf væri fyrir þá og að hjallarnir hefðu verið fluttir að ósk sveitarfélagsins árið 2010. Einnig var óskað eftir fundi með sveitarstjóra og oddvita seinnipartinn í næstu viku. Pósti þessum svaraði sveitarstjóri á þá lund að best væri að sveitarfélagið og Toppfisk ehf. hefðu samráð um nýja staðsetningu. Enn fremur voru ítrekaðar óskir um að samningar og annað sem fyrir lægi hjá fyrirtækinu og vörðuðu staðsetningu hjallanna og eða óskir sveitarfélagsins um flutning á þeim væru kynnt fyrir sveitarfélaginu. Einnig leitaði sveitarstjóri í öllum fundargerðum Umhverfis- og skipulagsnefndar á árunum 2010 og 2011, hvergi er getið um hjallanna í þeim fundargerðum hvað sveitarstjóri best gat fundið.

Staðan í málinu er því sú, að í seinni hluta næstu viku verður fundur sveitarstjóra með framkvæmdastjóra Toppfisks ehf. og klárlega verður eitt fundarefnið möguleg ný staðsetning hjalla. Líklega verða einnig settar fram einhverjar kröfur á Langanesbyggð í tengslum við þann fund. Niðurstöður þess fundar verða kynntar sveitarstjórn áður en lagt verður út í einhvern kostnað fyrir sveitarfélagið.

Einnig hafa ýmis óbein samskipti verið við Toppfisk vegna sértæks byggðakvóta og skuldamála fyrirtækisins gagnvart heimamönnum. Vísað er þar til gagna sem lögð hafa verið fyrir sveitarstjórn ásamt minnisblaði Byggðastofnunar dags 13. júní sl. sem sent var á aðal- og varamenn í sveitarstjórn þann 21. júní síðastliðinn og er dreift hér á fundinum.



### *Íbúafundur á Bakkafirði*

Haldinn var íbúafundur á Bakkafirði 22. júní sl. vegna þess alvarlega ástands sem þar er uppi og hefur verið uppi. Á fundinn mættu þingmenn, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, fulltrúar frá Byggðastofnun, sveitarstjórnarfolk og heimamenn. Fundurinn heppnaðist mjög vel og var niðurstaða hans að búa til vinnuhóp heimamanna, kjörinna fulltrúa, Byggðastofnunar, Atvinnuþróunarfélagsins og fulltrúa þingmanna hóps kjördæmisins.

Allir nema heimamenn hafa nú tilnefnt fulltrúa í hópinn og verða þrír þingmenn í honum. Fljótlega verður komið á sambandi milli aðila í hópnum og boðað til fundar.

Í kjölfar fundar varð töluverð fjölmiðlaumræða og telur sveitarstjóri að umfjöllunin hafi vakið athygli og gert gagn.

### *Finnafjörður*

Sveitarstjóri gerði grein fyrir samningaviðræðum beggja sveitarfélaga við *bremenports* og EFLU vegna svokallaðs *Management Agreement* sem er samningur á milli þeirra félaga sem stofna þarf og hafa fengið vinnuheitin FFPA og FFPD. Samningaviðræður hafa reynst mörgu leyti mjög flóknar þar sem um algjört grundvallarlagg í verkefninu er að ræða. Lögfræðingar sveitarfélaganna hafa séð um þessar samningaviðræður í nánu samráði við sveitarstjóra þeirra og samráðshópinn. Á morgun, föstudag, er fundur í Reykjavík þar sem reyna á að koma þessum málum heim og saman. Þegar samningar takast mun verða haldinn vinnufundur sveitarstjórnar með lögfræðingum og í framhaldinu fundur þar sem samningur er lagður fram til afgreiðslu.

Einnig hefur vinna verið lögð í samskipti við landeigendur og var þeim nú nýlega sent bréf hvar óskað var formlega eftir viðræðum um svokallað *Landowners Pool*. Þá voru einnig send drög að viljayfirlýsingu varðandi málið og skýrsla um þær rannsóknir sem fram hafa farið. Bréfið var sent í kjölfar viðræðna við flesta landeigendur. Bréfinu verður fylgt eftir með frekari samtölum og fundum. Umrædd vinna er unnin í samræmi við samþykktu viljayfirlýsingu þeirra er að verkefninu koma og þá skyldu sveitarfélaganna að sjá um samskipti við landeigendur.

Á morgun verður í Reykjavík fundur í samráðshópi allra er að viljayfirlýsingunni frá 2016 standa, fundurinn verður haldinn í samgönguráðuneytinu og munu sveitarstjóra beggja sveitarfélaga sækja hann. Fundargögn og skýrsla af þeim fundi verður flutt kjörnum fulltrúum á næsta fundi sveitarstjórnar.

### *Önnur verkefni*

- Verið er að hefja málningarvinnu utanhúss á NAUSTI
- Lokið er við málningarvinnu í grunnskólanum.
- Viðgerðum við húsnæði grunnskólans á Bakkafirði lýkur í sumar.



- Verið er að kaupa bíl sem höfn og Áhaldahús munu nota, kemur hann í stað Musso-bifreiðar sem telst ónýtt.
- Fimm hópar Veraldarvina koma til Langanesbyggðar í sumar. Sá fyrsti kemur 3. júlí nk. Þeirra helsta verkefni verður að ganga fjörur Bakkafjarðar og Langaness í söfnun plastsúrgangs sem borið hefur á land auk annarra verkefna sem til falla.
- Lokið er við skráningu allra samninga og þeim komið í rafrænt form í sérstökum gagnagrunni. Einnig eru allir lóðasamningar á Þórshöfn komnir í rafrænt form, ásamt flestum teikningum sem fyrir liggja. Einnig verður gerður gagnagrunnur fyrir inn- og útsend bréf unninn í sumar. Við þetta verða gögn sveitarfélagsins aðgengilegri og betra yfirlit fæst um skuldbindingar þess.
- Verið er að leggja drög að því að færa allar landlínur sveitarfélagsins vegna síma og internets á stafrænt form. Mun af því verða umtalsverður sparnaður og hagræði.

Til máls tóku: Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Karl Ásberg Steinsson.

Halldóra lagði fram svohljóðandi bókanir:

*Bókun 1:* U-listinn vil benda á að ekki er eðlilegt að taka svona stór mál undir skýrslu sveitarstjóra þar sem minnihlutinn veit aldrei hvaða mál verða í skýrslu sveitarstjóra. Því er eðlilegt að þessi mál séu tekin fyrir undir sér dagskrárlið og séu þannig sýnileg öllum.

*Bókun 2:* U-listinn vill benda á að sveitarstjórn hefur ekki verið nægjanlega vel upplýst um framgang með opnun urðunnarsvæðis við Bakkafjörð. Bæði í nóvember 2016 og í mars 2017 eru samskipti milli sveitarstjóra og stofnanna sem sveitarstjórn er ekki upplýst um en skipta miklu máli fyrir framgang málsins. Hefði verið nauðsynlegt og eðlilegt að kynna þessi samskipti fyrir sveitarstjórn og bregðast strax við. U-listinn átelur þessi vinnubrögð og þetta sýnir hve óhæfur sveitarstjórinn er í að gegna sínu embætti. Það er alvarlegur hlutur þegar upplýsingum er haldið frá sveitarstjórnarmönnum.

Við óskuðum í byrjun júní eftir gögnum um öll samskipti á milli Langanesbyggðar og stofnanna, Vopnafjarðarhrepps og allra annarra aðila vegna vinnu við opnun urðunnarsvæðis í Bakkafirði en höfum ekki fengið. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem við fáum ekki þau gögn sem við biðjum um og eigum rétt á samkvæmt samþykktum Langanesbyggðar.

Oddviti gerði hlé á fundi kl. 18:03.

Fundur settur að nýju kl. 18:09.

Elías Pétursson tók til máls og óskaði að eftirfarandi væri fært til bókar:



Sveitarstjóri hafnar því algjörlega að nokkrum upplýsingum hafi verið haldið frá sveitarstjórn. Sveitarstjóri sagði að skrifstofan væri opin öllum sveitarstjórnarmönnum. Einnig vill sveitarstjóri koma því á framfæri að sveitarstjórnarlög kveða ekki á um að senda skuli út af skrifstofu öll gögn sem beðið er um. Kjörnum fulltrúum er hins vegar tryggður réttur til aðgengi að gögnum á skrifstofu sveitarfélagsins. Sveitarstjóri hefur ítrekað sent kjörnum fulltrúum mikið magn gagna og upplýsinga um hin aðskiljanlegustu mál.

Halldóra vék af fundi kl. 18:20.

Fundagerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Að lokum óskaði sveitarstjóri sveitarstjórnarfólki góðs sumarleyfis og sleit fundi.

Fundi slitið kl. 18:28.